

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiftaréttarúrskurður á að vera ómerkur og vísast málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 11. desembermánaðar.

Nr. 24/1899:

Hið opinbera

gegn

Tönnnes Andreas Asbjörnson.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í héraði fyrir lögreglu-rétti Barðastrandarsýslu samkvæmt skipun amtsins gegn hinum kærða Tönnnes Andreas Asbjörnson, skipstjóra á fiskigufuskipinu »Muggur«, fyrir brot gegn ákvæðinu í 2. málslíð 1. greinar í lögum 4. nóvbr. 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., og var því ráðið til lykta með dómi téðs réttar, uppkveðnum 14. nóvbr. f. á., á þá leið, að kærði var sýknaður í málinu, og málskostnaður allur dæmdur á almannasjóð. Dómi þessum hefir amtmaðurinn í Vesturamtinu skotið til yfirréttarins.

Hinn kærði, sem á heima á Bildudal í Barðastrandarsýslu, var síðastliðið ár skipstjóri á fiskigufuskipinu »Muggur«, sem er eign kaupmanns eða kaupmannafélags á Bildudal, og skrásett sem innlend eign. Hinn 28. aprilmánaðar f. ár fór hann með skipið norður á Ísafjardardjúp, og fisk-

aði frá skipinu utarlega í djúpinu með opnum bátum (»doryum«) og lóðum. Eftir 3 daga fór hann með aflann óverkaðan og óslægðan til Bildudals, og var honum skipað þar í land. Dagana 2—4 maí var kærði aftur með gufuskipið til fiskiveiða í mynninu á Ísafjarðardjúpi, og voru fiskiveiðarnar reknar á sama hátt eins og næst á undan. Kvöldið 2. maí fór hann inn á Ísafjörð, setti þar í land farþega, sem með honum var, fór út til veiða hinn 3. maí, og voru þær reknar á sama hátt og áður; að þeim loknum þann dag fór hann aftur inn á Ísafjarðarhöfn, lá þar um nóttina, tók farþegann, sem hann hafði skilið þar eftir, fór svo út til veiða hinn 4. maí, og að þeim loknum fór hann samdægurs með aflann til Bildudals. Í þessi skifti, er kærði lagðist á Ísafjarðarhöfn, sýndi hann eigi skipaskjöl sín þar, enda fór hann eigi sjálfur þar í land. Síðar þetta vor rak hann fiskiveiðar á sama hátt fyrir utan Ísafjarðardjúpið, án þess þá að leita þar hafnar. En í júnímánuði fór hann með skip sitt frá Bildudal til Ísafjarðar, og segir hann að það hafi verið í því skyni, að sýna bæjarfógeta heimildir sínar til að reka fiskiveiðarnar, með því að hann hafði fengið að vita, að sýslumaður ætlaðist til þess; en af því varð þó ekki, því að bæjarfógeti var ekki heima.

Eins og fram hefir verið tekið, var útgjörðarstaður skipsins »Muggs« Bildudalur, sem er í næsta lögsagnarumdæmi við Ísafjarðarkaupstað, og flutti skipið aflann í hvert skifti þangað óverkaðan og óslægðan, og var þetta tilætlunin með fiskiveiðum

skipsins, en ekki hitt, að skipið flytti fiskinn út úr landinu eftir að veiðiskapnum var lokið í hvert sinn. Ákvæðið í 2. málsgrein 1. greinar í lögum nr. 16, 4. nóvbr. 1881, miðar að því, að tryggja útflutningsgjaldgreiðsluna af hendi þeirra skipa, sem reka fiskiveiðar beint til útflutnings á veiðinni, sbr. orðin: »hvort heldur til annara fiskistöðva hér eða alveg burt frá landinu«, og á eigi við um fiskiskip, sem stunda fiskiveiðar frá útgjörðarstað hér á landi og skila veiðinni þar, en flytja hana eigi út úr landinu. Þar sem nú þetta síðartalda átti sér stað um skip það, er hér er um að ræða, var skipstjóri þess eigi skyldur að tilkynna lögreglustjóra á Ísafirði um veiðar sínar þar í lögsagnarumdæminu eða láta til geymslu hjá honum skipaskjöl sín samkvæmt nefndri laga- grein.

Samkvæmt þessu verður eigi álitid, að hinn kærði hafi með fiskiveiðum þeim, sem hér er umtalsefni, og atterli sínu að öðru leyti, gjört sig sekan í broti gegn lögum nr. 16, 4. nóvbr. 1881, 1. gr. 2. málslíð, en fyrir það brot eitt er hann kærður. Það verður því að sýkna hann, og með því að yfirdómurinn einnig felst á ákvæði lög- regluréttardómsins um málskostnað, skal stað- festa téðan dóm í öllum greinum. Allur áfrýjun- arkostnaður málsins greiðist af almannafé, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verj- anda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði

hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr landssjóði, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málflytningmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Mánudaginn 18. desembermánaðar.

Nr. 25/1899:

Hið opinbera
gegn

Tönnnes Andreas Asbjörnсен.

D ó m u r:

Eftir skipun amtmannsins í Vesturamtinu var mál þetta höfðað gegn kærða Tönnnes Andreas Asbjörnсен, skipstjóra á gufuskipinu »Muggur«, fyrir brot gegn ákvæðum í samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum á svæðinu frá Geirhólma að Öskubak innan Ísafjarðarsýslu, staðfestri 11. okt. 1887. Málinu var ráðið til lykta með lögregluréttardómi Barðastrandar-sýslu, uppkveðnum 14. nóv. f. á., og var kærði með dóminum sýknaður af kæru hins opinbera og málskostnaður allur lagður á almannafé. Dómi þessum hefir amtmaðurinn yfir Vesturamtinu skotið til yfirdómsins.